

Viðtakandi:

Íbúaráð Vesturbæjar

Sendandi

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Efni

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur nr. 276 sem haldin var þann 28. júní síðastliðin var samþykkt tillaga frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um að tekin verði upp einstefnuakstur í Ásvalla- og Sólvallagötu.

Einstefnuakstur í Ásvalla- og Sólvallagötu

Ásvallagata og Sólvallagata eru tvístefnugötur þar sem bifreiðum hefur verið lagt við kanta báðum megin á stórum hluta þrátt fyrir að göturnar séu aðeins 7-8 m breiðar, annarsstaðar hefur bílum verið lagt á ská án þess að það hafi beinlínis verið skipulagt sérstaklega. Árið 2017 var hugmynd um einstefnu á þessum götum kynnt fyrir íbúum með bréfi og þeim boðið að senda inn athugasemdir. Athugasemd barst um að gæta að því að einstefna væri ekki í sömu átt á báðum götunum sem tekið hefur verið tillit til í þessari tillögu. Síðan hugmyndir um einstefnu voru kynntar íbúum hafa íbúar gengið á eftir því að af breytingunni verði enda eru fá tækifæri fyrir vélknúin ökutæki til að mætast í götunum og erfitt að sinna snjóhreinsun. Þetta veldur því að það tíðkast að bílum sé lagt á hluta gangstétta til að hámarka breidd akbrautar. Á svæðum eins og á Ásvallagötu vestan Hofsvallagötu, þar sem aðstæður eru eins nema þar er einstefnuakstur, tíðkast ekki að lagt sé að hluta á gangstéttum.

Töluvert er hjólað í götunum og gegna þær mikilvægu hlutverki í neti göngu- og hjólaleiða í gamla vesturbænum. Áfram verður heimilt að hjóla í báðar áttir í götunum, það er að segja að hjól verða undanþegin einstefnuakstri. Merking um þá undanþágu verður við báða enda götunnar öikumönnum vélknúinna ökutækja og öðrum til upplýsinga. Slíkt fyrirkomulag er nýtt í Reykjavík en þekkist víða erlendis eins og í Danmörku, Noregi, Hollandi, Þýskalandi, Bretlandi og Belgíu. Rannsóknir hafa sýnt að það að heimila að hjóla á móti einstefnu við aðstæður eins og í Ásvallagötu og Sólvallagötu auki ekki líkur á umferðarslysum. Fyrirkomulagið greiðir hins vegar fyrir og bætir aðgengi hjólandi vegfarenda. Þar sem umferð er jafn lítil og í þessum götum og hámarkshraði ekki meiri en 30 km/klst er ekki talin þörf á að afmarka sérstaka hjólarein eða hjólastíg vegna þessa.

Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Að einstefnuakstur verði á Ásvallagötu til vesturs, milli Ljósfallagötu og innkeyrslu að Hofsvallagötu 15-23

- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Ásvallagötu, milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu.
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Ásvallagötu milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu, m.v. akstursstefnu.
- Að einstefnuakstur verði á Sólvallagötu til austurs, austan Hofsvallagötu
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Sólvallagötu, austan Hofsvallagötu
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Sólvallagötu austan Hofsvallagötu m.v. akstursstefnu

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við gildandi reglugerð 289/1995.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Með kærri kveðju,

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar
Grétar Mar Hreggviðsson
Ráðgjafaverkfræðingur

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir Ásvalla- og Sólvallagötu með þeim umferðarmerkingum sem settar verða upp

